

„Til að kerfi
geti talist
fullgert verður
það að gera
ráð fyrir hinu
ófullgerða“

Rýnt í kvikmyndina
An Ecology of Mind

Gregory Bateson var einn af helstu kerfis-hugsuðum síðustu aldar. Árið 2010 afar áhugaverð heimildarmynd um verk hans sem kallaðist *An Ecology of Mind*. Þrjátíu árum eftir dauða Gergory Bateson lauk kvikmynda-gerðarkonan Nora Bateson (sem jafnframt er dóttir hans) við myndina, en hún er klukkutíma löng kynnisferð um hugarheima hans. Gregory Bateson var einn af frumlegustu hugsuðum síðari hluta tuttugustu aldar. Rannsóknir hans spanna fjölbreytt svið: mannfræði, líffræði, sálfræði og vísindaheimspeki. Hann átti gjarnan til að fara þvert á fög og það á afar frumlegan hátt. Verk hans hafa að mestu verið óaðgengileg utan hins akademíska samfélags þar til nú.

Gregory Bateson var ólíkur flestum háskóla-kennurum. Hann hefur sagt frá því að á áttunda áratugnum var lögð fram minni-háttar kvörtun um kennsluhætti hans. „Bateson veit eitthvað sem hann segir manni ekki frá,” var haft eftir nemanda og einnig: „Það býr eitthvað undir því sem Bateson segir, en hann lætur það aldrei uppi.” Sem kennari við University of California átti hann til að hvetja furðu lostna nemendur sína til að lesa *Lísu í Undralandi* gaumgæfilega. Hann trúði því að myndmál Lewis Carroll gæti hjálpað þeim að öðlast betri skilning á hinu mannlega ástandi og grunnferlum þróunar.

Nora Bateson er yngsta dóttir Gregory Bateson af þriðja hjónabandi. Það var gríðarlega áhrifamikið fyrir mig að horfa á þetta kvikmyndaportrett af föður hennar. Þetta var undarleg tilfinning – að horfa og hlusta á mann á skjánum hvers verk ég hafði byrjað fyrst að kynna mér fyrir mörgum áratugum síðan. Í upphafi myndarinnar segir Nora: „Ég býð ykkur að gera það sem hann gerði best, sem er að horfa á eitthvað hvort sem það er ánamaðkur, talnaruna, tré, formleg skilgreining á fíkn, hvað sem er – frá öðru sjónarhorni.” Faðir hennar sneri í sífellu upp á hlutina til að gæta þess að festast ekki í einum farvegi hugsunar. Hann spurði sig oft spurninga eins og: „Hvaða mynstur

tengir krabbann við humarinn og maríu-lykilinn við brönugrasið og allt þetta við mig, mig við þig?” Hann helgaði líf sitt vangaveltum um þetta mynstur. Nálgun hans var mjög frábrugðin hefðbundnum vísindum, sem oftast nær snúast meira um að taka hluti í sundur. Gregory Bateson var hrópandinn í eyðimörkinni. „Hvers vegna kenna skólarnir okkur ekkert um mynstrið sem tengir hluti saman?” spurði hann í örvæntingu sinni. Önnur hlið á þessu olli honum ennfremur áhyggjum. „Ef maður brýtur upp mynstrið sem tengir,” sagði hann, „tortímur maður *nauðsynlega* öllum gæðum.” Í myndinni segir Mary Catherine Bateson, dóttir Bateson og fyrstu eigin-konu hans, Margaret Mead, frá því að faðir hennar hafi verið hugfanginn af því hvers vegna mannskepnan hagaði sér iðulega á hátt sem skaðaði náttúruleg vistkerfi. Hvað er það við skynjun okkar að við sjáum ekki hið viðkvæma gagnkvæma samband alls í vistkerfinu, sem ljær því heilindi? Eins og Mary Catherine segir: „Við sjáum það ekki og þess vegna eyðileggjum við það.”

Gregory Bateson átti ekki í neinum vand-ræðum með að fíkra sig upp og niður stiga þess óhlutstæða, beina sjónum inn og út, einblína á hið smáa og færa sig að hinu mikla og aftur inn í það smáa:

Ég hef alltaf hugsað þetta þannig: að sambandið milli mín og þessarar bókar eða bókarinnar þarna á borðinu sé smækkuð mynd af sambandi manns og Guðs, eða Guðs og skrattans, eða hvers sem er. Að stóru samböndin og litlu samböndin séu öll hið eitt og sama! Fræðanna vegna verður maður að vinna með þau smáu stundum. Og svo skammast fólk í manni fyrir að vinna með þau smáu. Þá snýr maður sér að þeim stóru og þá ásakar fólk mann um að róa á mið dulspekinnar. Þetta er allt sama tóbakið.

Gregory Bateson smíðaði hugtakið *meta-logue* en það er einskonar samtál um eitthvert afar vandráðið efni þar sem samræðurnar (e. dialogue) eru slíkar að þátttakendur ræða

ekki aðeins þann vanda sem er á höndum heldur skiptir formgerð samræðnanna á heildina litið einnig máli. Þessi lagskipti eiginleiki metalogue er auðsjáanlegur í myndinni *An Ecology of Mind* auk þeirra viðfangsefna sem drepið er reglulega á, birtist hann einnig í klippingu myndarinnar, í skýringum og umfjöllun Nora Bateson, sem er rauður þráður í myndinni, og síðast en ekki síst í líkamstjáningu Gregory Bateson, sindrandi augum hans, forvitni hans fyrir lífinu og samskiptum hans við börn. Það er heillandi að fylgjast með því hvernig hann miðlar upplýsingum, eins og þegar hann bíður aðeins með að slá botninn í mál sitt eða þegar hann sér fyrir og bíður eftir viðbrögðum áheyrenda. Hann lifði „dótið“ (eins og hann átti til að kalla það sjálfur) sem hann talaði um. Í fyrstu gæti maður gert þau mistök að skilja djarfar yfirlýsingar Bateson sem stríðni, sjónarhorn sem ekki ber að taka alvarlega eða sem vísitandi kaldhæðni. Raunin er hinsvegar allt önnur: með kímningáfu sinni og lágstemdu orðavali gat Bateson verið rammasta alvara. Reyndar leit hann svo á að kímningáfan, sem og draumar, listir og ljóð, væri bráðnauðsynleg leiðrétting á allt of einhliða áherslu á rök hugsun og því sem þjónar tilgangi.

An Ecology of Mind koma fram margir af góðkunningjum Bateson, svo sem Fritjof Capra, Steward Brand og ríkisstjóri Kaliforníu, Jerry Brown, og segja frá því hvernig þeir urðu fyrir áhrifum frá Bateson, en þannig fáum við enn betri innsýn inn í hvaða mann hann hafði að geyma. En kannski er stærsta afrek Nora Bateson að takast að útskýra abstrakt og (a.m.k. við fyrstu kynni) fremur óaðgengilegar hugmyndir á skýran hátt án þess að einfalda þær.

Myndheimurinn sem birtist á milli viðtala er sérstakur í sjálfu sér. Stundum er hann teiknaður, í upphafi nýs þema sjáum við skuggamyndir af karlmanni og barni á gangi, framhjá skiltum sem á stendur ýmislegt eins og „tvíbönd“ og „þekkingafræði“. Við sjáum safnefni – örlítið upplitaðar 16mm myndir og stundum jafnvel óljósar myndbandsupptökur – frá áttunda áratugnum, auk ljóðrænna mynda úr samtímanum. Þessar myndir eru lágstemmdar og vel valdar, það sem meira er – þær trufla mann ekki við að hlusta gaumgæfilega á það sem sagt er, enda krefst það fullrar athygli. Áhersla Bateson á sambandið milli hluta og mikilvægi samhengisins. Bateson telur okkur búa í heimi sem er *aðeins* gerður úr samböndum, og án samhengis hafa orð okkar og athafnir enga merkingu. Þótt það kunni kannski að segja sig sjálft, getur þetta þegar það er stundað af festu, leitt til dramatískra og óvæntra sviptinga á áherslum, eins og svo glögg má sjá á eftirfarandi orðum hans:

Ykkur hefur væntanlega verið kennt að þið hafið fimm fingur. Það, á heildina litið, er rangt. Þetta er dæmi um hvernig tungumálið skiptir hlutum í hluti. Að öllum líkindum er líffræðilegi sannleikurinn sá að þegar þessi hlutur var að vaxa – á fósturstigi, sem þið munið tæpast eftir – var það sem máli skipti ekki fimm, heldur fjögur sambönd milli fingrapara.

Lyktilvitnun í Bateson í myndinni, sem hefur einnig dúkkað upp í ýmiskonar samhengi annars staðar, er að „stóru vanda-málin í heiminum orsakast af þeim mun sem er á því hvernig náttúran virkar og hvernig fólk hugsar.“ Við erum þjálfuð til að hugsa á hátt sem við tökum varla eftir. Þetta atriði verður deginum ljósara í skemmtilegum fyrirlestri þar sem við sjáum Gregory Bateson fyrir framan kítartöflu með kítina á lofti. Hann teiknar einskonar stígvél á töfluna og spyr fólk í salnum hvernig best væri að lýsa teikningunni fyrir öðrum. Algengt er að visindamenn skipti henni niður í hluta.

Peir segja: „Tja, þetta er sexhyrningur,“ en þetta er ekki sexhyrningur. Með því að lýsa því hvað þetta er nánast en ekki alveg, koma þeir einhverskonar lýsingu út úr sér. Þessi skipting í hluta er auðvitað algjörlega handahófskennd. Peir hefðu getað skipt þessu hvernig sem þeim datt í hug.

Við sjáum hann segja þetta með sigurbros á vör upp við kítartöfluna og svo heyrum við Nora Bateson segja: „Hann útskýrir fyrir okkur hversu handahófskenndar skiptingarnar, eru sem verða til við að skilgreina hluti. Þannig að þegar við skilgreinum eitthvað sem aðskilið frá einhverju öðru takmörkum við hæfileika okkar til að sjá samband milli hlutanna og hreyfiafl þeirra sambanda.“

Hvernig getum við farið að því að *skilgreina* þessi sambönd milli hlutanna? Hér einblíndi Bateson á andstæður þeirra, eða það sem hann sjálfur kallaði „*muninn sem gerir muninn*.“ Í myndinni lýsir Terence Deacon hvernig þetta tæki fær okkur til að sjá hluti í öðru ljósi:

Í stað þess að horfa á efni þess, horfa á hlutana og segja: „Hvað gerði þennan hluta, hvað gerði hinn hlutann? Og hvaðan kom hönnunaráætlunin sem lætur þessa hluta vinna saman?“ Þá sér maður í mynstri líkinda þeirra og ólíkinda allt annarskonar ferli mynsturs og ég held að það hafi verið einkennandi fyrir það hvernig hann horfði í gegnum yfirborðið inn í einhverskonar dýpri vídd.

Nora Bateson viðurkennir að það kunni að taka stundarkorn að venjast hugsunarhætti föður hennar: „Augu manns þurfa að aðlagast sjónlínu hans þar sem samhengi náttúruheimsins er dregið fram svo að íbúar hans, þ.á.m. kvikindi, höf, skógar og innviðir borga eru eins og hljóðfæraleikarar í djass-hljómsveit, leikandi saman af fingrum fram.“ Sem barn lærði hún af honum að „lærdómi lýkur aldrei.“ Eins og áður kom fram var faðir hennar oft sakaður um að tala í gátum og að koma sér aldrei að efninu. Samkvæmt yngstu dóttur hans var það aldrei ætlunin að svara spurningunni sem hann lagði upp með („Hvað er mynstrið sem tengir?“), því mynstur eru síbreytileg. „Það sem hann vildi knýja fram var sjálf athöfnin að spyra.“

Endrum og sinnum beinir Nora Bateson máli sínu beint til áhorfenda kvikmyndarinnar. Rödd hennar er lágstemmd og hún horfir beint í myndavélaraugað þegar hún útskýrir vandlega sérkennilegar hugmyndir föður síns um „hugann“. Aftur grípur hún til lifandi málfars og myndmáls úr náttúrunni til að koma máli sínu til skila:

Hugmyndir eru að aðlagast hverri annarri, að utanaðkomandi hvötum og að óteljandi öðrum boðum. Hugmynd Gregory um hugann var að hann væri miklu meira en bara heilinn í hausnum á okkur: hann er trjárótin sem vex í kringum grjót, eða hvernig otrar í ám bregða á leik.

Annað sinn vitnar hún í föður sinn og segir: „Ef ég hef rétt fyrir mér, verður að endurskipuleggja allar hugmyndir um hvað við erum og hvað annað fólk er.“ Fyrir Gregory

Bateson yrði sjúklegt ástand rangrar hugsunar í samtímanum á endanum aðeins leiðrétt með því að uppgötva samböndin sem skipa fegurð náttúrunnar. Hér er hann undir áhrifum heimspekingsins, skáldsins og náttúrufræðingsins Johann Wolfgang von Goethe. Það er frá náttúrufræðingnum sem Bateson temur sér skilning eins og að stilkur plöntu er skilgreindur af því „að hafa laubblöð sem hafa stilk í hornum sínum.“ Fyrir honum var þetta dót „í rauninni mjög hægra heilahvelsdót,“ sem hann hafði gríðarlega gaman af þegar hann fékk sér göngutúra úti í náttúrunni. Þessi ánægja er í kjarnann fagurfræðileg ánægja, eins og Mary Catherine Bateson útskýrir: „Hvers kyns fagurfræðileg viðbrögð eru viðbrögð við samböndum. ... Sú upplifun sem maður verður fyrir af því að lesa ljóð eða skoða málverk er ómeðvituð könnun á þeim mörgu mismunandi samböndum sem listamanninum hefur tekist að fanga.“

Þegar fer að síga á seinni hluta kvikmyndarinnar kemur Gregory Bateson aftur að hrifningu sinni á mannshendinni og þeim samböndum („og samböndum *milli* sambanda og samböndum *milli* sambanda milli sambanda“) sem hún felur í sér:

Eitt af því áhugaverða sem gerist þegar maður skoðar á sér höndina og veltir henni fyrir sér – ekki sem fjöldi banana á endanum á einhverskonar sveigjanlegu priki heldur sem hreiður sambanda – er að maður kemst að því að hluturinn er miklu laglegri en maður hafði áður haldið. Nú þýðir þetta að með leiðréttingu á þekkingafræði okkar, gætum við komist að því að heimurinn er miklu fallegrí en við höldum að hann væri.

Bateson hafði brennandi áhuga á listum. Hann trúði því að hinn rökræni, tilgangsknúni hugur þyrfti á leiðréttingum drauma, lista og ljóða að halda. Þetta er ein ástæða þess að kvikmyndin *An Ecology of Minder* afar dýrmæt fólki sem vinnur á mótum listnáms og náttúruvísinda. Eins og kvikmyndagerðakonan kemst sjálf að orði:

Gregory þótti listræn tjáning heiðarlegasta og tærasta form mannlegra samskipta. Það er auðvelt að gleyma því að þegar við finnum merkingu í sögu eða njótum fegurðar tónverks að við erum að taka þátt í hugarheimi sem er hvað mest í takti við náttúruna. Myndmál er mál sambanda, mál náttúrulegra kerfa, þar sem er rými til að eiga í samskiptum innan rófa möguleika, í stað stífra skilgreindra blindgatna.

Djúpstæðasta innsýnin sem ég hlaut birtist í lok myndarinnar. Nora Bateson segir frá því hvernig faðir hennar kenndi henni að til að vera *raunverulega* fullgert, verður hið ófullgerða að felast einnig í kerfinu. Lykilatriðið hér er hæfileikinn til að „læra að læra.“ Fyrir Gregory Bateson var allt annað aðeins staðnað og lokið, þar sem að það þróast ekki. En jafnvel við dauðann halda sambönd áfram að dafna: „Ég er *enna* að læra af föður mínum,“ segir Nora Bateson í bláenda myndarinnar *An Ecology of Mind*.

Nora Bateson vinnur nú að því að þróa námsskrá sem viðauka við kvikmyndina, en hún mun snúast um þekkingafræði og kerfishugmyndafræði. Ég hef trú á því að bæði kvikmyndin og námsskráin muni reynast mikill auður fyrir fólk sem vill velta fyrir sér hvernig við förum að því að mennta börnin okkar, fólk sem hugar að því að tengja þau aftur náttúrunni sem og hefur opna sýn á mikilvægi fagurfræðilegrar skynjunar á þessu. Ekki lítið afrek fyrir mynd um jafn sérvitrán, óviðjafnanlegan og á stundum erfiðan, en þó enn sem komið er, vanmetinn hugsuð.